

Nd.

222. Nefndarálit

[86. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar á nokkrum fundum sínum. Á fundum nefndarinnar mættu fulltrúar úr stjórn Efnahagsstofnunarinnar, Seðlabanka Íslands, ríkisbankanna, Atvinnuþjófnumarsjóðs, Framkvæmdasjóðs, Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytisins, en ekki hafði verið haft samráð né leitað umsagnar þessara aðila við undirbúning frumvarpsins.

Það er öllum ljóst, sem fylgzt hafa með gangi opinberra mála s. l. áratug, að fyrrverandi ríkisstjórn hafði í vaxandi mæli kallað til starfa á sviði efnahagsmála sérfræðinga, sem hafa haft á hendi rannsókn á þjóðarbúskapnum og verið ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Var starfsemi þessari komið fyrir í föstu formi hjá sérstakri stofnun frá 1962, Efnahagsstofnuninni. Sú reynsla, sem fengizt hefur af störfum Efnahagsstofnunarinnar og annarra þeirra stofnana, sem hafa verið til ráðuneytis, er sú, að engin ástæða er til breytinga þar, allra sízt slíkra breytinga, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, þ. e. til að ná pólitískum áhrifum í stjórn faglegra stofnana, sem eru eðli sínu samkvæmt ópólitískar.

Slíkar breytingar mundu torvelda mjög samstarf við aðra aðila, sem nauðsynlegt er fyrir slíka stofnun að hafa.

Undirritaðir nefndarmenn telja, að með frumvarpinu sé stefnt að óæskilegum afskiptum stjórnvalda af atvinnulífinu með beinni pólitískri íhlutun og tilkomu þriggja pólitískra manna í framkvæmdastjórn, sem hafa hlotið heitið „kommissarar“.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði fellt. Ef svo fer ekki, viljum við freista þess að sníða af frv. verstu vankantana með breytingartillögum, sem við flytjum á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1971.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.